

1. Stjórnlegur grundvöllur áformanna, forsaga og tilefni

Bent er á að forsendur áformanna eru valdboð ríkisstjórnarinnar sem ekki er aðgengilegt og oftúlkun á þingsályktunartillögu. Bent er á skýrslu forsætisráðuneytisins um efnið frá 2011 sem ekki er vitnað til.

2. Úrlausnarefnið og gildi skjala

Stafrænt pósthólf einstaklinga og lögaðila rekið af stjórnvöldum í miðlægri þjónustugátt til að senda í stafræn gögn með „réttaráhrifum“ sem jafnast á við bréf á pappír í hefðbundnum pósti gengur ekki upp þar sem slík gögn geta ekki fullnægt kröfum um varanleika, áreiðanleika og staðfestu til að geta staðist kröfur sem gerðar eru til skjala sem sannana.

3. Stafræn ríkisrekin einkapósthólf

Áformin fela í sér brot á borgaralegum réttindum og mannréttindum. Borgarinn er neyddur til að opna reglulega rafrænt pósthólf. Staða pósthólfsins er óljós, rekið af ríkinu en aðgengilegt borgaranum. Bent er á yfiringang opinberra stofnana gagnvart starfsmönnum með því að láta umboðslaust þriðja aðila afgreiða launaseðla án tillits til forstöðumannaábyrgðar á skjalavörslu og leyndarákvæða upplýsingalaga um einka- og fjárhagsmálefni og koma sér um leið hjá því að gefa út skjöl handa borgurunum á varanlegu og áreiðanlegu formi. Bent er á lög um pósthjónustu og að Íslandspóstur hafi rekið rafræn pósthólf.

2. Þjónustugátt án lagagrundvallar – hefur verið farið gegn lögum?

Þjónustugátt sú sem áformað er að setja lög um er þegar fyrir hendi á veflninu island.is. Við blasir að forstöðumannsábyrgð á skjalavörslu skv. lögum um opinber skjalasöfn hafi verið rofin við starfsemi hennar. Þjóðskjalasafn Íslands fer með eftirlit með opinberri skjalavörslu og heyrir undir ráðherra í ríkisstjórn Íslands, en hún stendur að baki island.is. e.t.v. er hæfisvandi kominn upp. Persónuupplýsingar hafi ratað undan lögum um opinber skjalasöfn og falli þá undir persónuverndarlög. Bent er á mikilvægi þess að upplýsingum um einstaklinga á vegum hins opinbera sé ekki safnað saman þvert á ábyrgðarmörk og forstöðumannsábyrgðin eigi að tryggja það. Bent er á atriði er varða öryggismál sem eru vanreifuð og kostnað sem er vanmetinn. Gagnrýnt er að leggja undir öryggi persónuupplýsinga við það að styðja við framfarir í stafrænni tækni.

3. Á einum stað – þjónusta eða bjarnargreiði?

Fyrirhuguð samkeyrsla gagna um einstaklinga í andstöðu við lagaákvæði um skjalavörsluábyrgð er gagnrýnd. Bent er á að ranglega sé talið að ekki sé nauðsynlegt að gera lagabreytingar vegna áformanna og bent er á að áformin fari inn á málefnasvið annarra ráðuneyta með beinum hætti, verksvið upplýsingalaga hjá forsætisráðuneyti, opinberra skjalasafna hjá menntamálaráðuneyti og póstmála hjá samgönguráðuneyti. Hugmyndin um að afgreiða gögn stjórnvalda á einum stað á sér rætur í einkageiranum og fær ekki staðist í opinbera geiranum þar sem stjórnsýslan er borgaraleg og dreifð nema valdmörk séu rofin, slíkt séu stjórnhættir einveldis. Varhugavert er að túlka hinn almenna borgara sem viðskiptavin eða þegn. Tölvukerfisvæðing samskipta stjórnsýslu við borgarana felur í sér ábyrgðarflóttu, óskýr valdmörk og skort á mannlegum samskiptum.

4. Kostnaður og áhrif

Mat á kostnaði og áhrifum af áformunum stenst engan vegin, enda áformin um margt óljós. Sparnaður í pósthjónustu verður enginn þar sem viðbúið er að greiða þurfi sem því nemur í meðgjöf með alþjónustu Íslandspósts. Bent er á að kostum og sparnaði sé fremur haldið á lofti en ókostum og útgjöldum og málflutningurinn því tæpast boðlegur.

5. Öryggi og hýsing

Vísað er á bug með rökum að pósthólfur og póstkassar landsmanna séu óöruggari en fyrirhuguð stafræn pósthólf í þjónustugátt. Stafræn glæpa- og njósnastarfsemi eru ógn sem er bundin við það form. Spurt er hver verði dreginn til ábyrgðar fyrir öryggisbresti sem munu óhjákvæmilega verða. Vísað er til umsagnar frá verkfræðingum um tæknistefnu island.is frá síðasta ári. Í því umsagnarferli kom fram að Stafrænt Ísland sem rekur island.is ætli að „tileinka sér skýjahýsingu“. Bent er á að hverskonar notkun opinnar fjarvistunar gagna er óheimil utan ábyrgðarsviðs viðeigandi forstöðumanns í íslenskri stjórnslu. Sé það gert á erlendri grundu felur það jafnframt í sér rof á fullveldinu.

6. Lokaorð

Mælt er til þess að horfið verði frá áformunum og ráðstafanir gerðar til að slík áform komi ekki upp aftur.